

Dagur íslenskrar tungu



Til kennara – Örstuttar bragfræðileiðbeiningar

A. Hrynjandi (taktur): Vísur byggjast á hrynjandi eða takti. Braglínurnar skiptast í taktbil sem kallast bragliðir eða kveður. Oftast eru fjórar kveður í fyrri línunni (frumlínunni) og þrjár (eða fjórar) í þeirri seinni (síðlínunni). Tvö atkvæði eru í hverri kveðu (langoftast, geta einstöku sinnum verið þrjú) nema í stýfðum liðum.

Í **orðavísunni (A1)** eru kveðurnar afmarkaðar með strikum. Þar eru stýfðir liðir (eitt atkvæði) í 1. og 3. braglínu (ná/fá):

A1

Sækja, | veiða, | sigra, | ná,
seilast, | hafa, | draga,
yfir- | -taka, | elta, | fá,
afla, | vitja, | laga.

B. Ljóðstafir: Ljóðstafir standa fremst í orðum á ákveðnum stöðum í vísunni og skiptast í stuðla og höfuðstafi. Algengast er að ljóðstafir séu þrír saman í hverjum tveimur línunum, tveir stuðlar í frumlínunni (1. og 3. línu) og höfuðstafur fremst í síðlínunni, (2. og 4. línu):

B1

Virða, hylla, marka , mennta ,	= stuðlar m , m
meta , rýna, nýta,	= höfuðstafur m
lúta, göfga, horfa , henta ,	= stuðlar h , h
heiðra , akta, líta.	= höfuðstafur h

C. Samhljóðar/sérhljóðar: Ef ljóðstafurinn er samhljóði verður að nota sama stafinn (sjá vísu B1). Ef sérhljóðar eru notaðir fyrir ljóðstafi má nota hvaða sérhljóða sem er. Skoðum seinni hluta af vísu A1 (sem fær nýtt heiti):

C1

y firtaka, e lta, fá,	= stuðlar y , e
a fla, vitja, laga.	= höfuðstafur a

D. Ljóðstafurinn s; gnýstuðlar: Ef stafurinn **s** er notaður fyrir ljóðstaf verður að gæta að því hvaða stafur kemur næst á eftir **s**-inu. Stafapörin **sk, sl, sm, sn, sp** og **st** eru sérstakir ljóðstafir (kallast gnýstuðlar). **Sk** gengur aðeins á móti **sk, sl** aðeins á móti **sl** o.s.frv. Önnur **s**-pör má nota hvert með öðru.

D1

Sannur, réttur, séður, hreinn,	= stuðlar s (sannur) s (séður)
seyrður, traustur, boginn,	= höfuðstafur s (seyrður)
skældur, rangur, skitinn, beinn,	= stuðlar sk (skældur), sk (skitinn)
skakkur, undinn, loginn.	= höfuðstafur sk (skakkur)

E. Hvar standa ljóðstafirnir: Höfuðstafurinn í síðlínunni verður alltaf að standa fremst, þ.e. í fyrsta áhersluatkvæði línunnar (ath. forlið). Annar af stuðlunum tveimur, sem eiga heima í frumlínunni, verður alltaf að standa í 3. kveðunni. Hinn má vera í 1., 2. eða 4. kveðu:

E1

Bráðum koma blessuð jólin	(1. og 3. kveða)
börnin fara að hlakka til	(höfuðstafur 1. kveða)

E2

Mastrið syngur sveigt í keng	(2. og 3. kveða)
seglið kringum hljómar.	(höfuðstafur 1. kveða)

E3

Þarna siglir einhver inn	(3. og 4. kveða)
ofur- -lítil duggan	(höfuðstafur 1. kveða)

Dagur íslenskrar tungu



Að búa til limrur

Limrur þjóna fyrst og fremst þeim tilgangi að skemmta fólki. Stundum eru þær efnislega ekki annað en tóm vitleysa en jafnskemmtilegar fyrir því, eða jafnvel enn skemmtilegri. Skoðum fyrst tvær limrur eftir Jónas Árnason:

Eina limru ég læt hérna flakka
um skeggið á Brandi á Bakka.

Niður kjálkunum frá
gegnum klof hans það lá
og það endaði uppi í hnakka.

Einn bergrisi bústinn og pratinn
sem við næringaröflun var natinn
gleypti í hvelli
fólkið á Felli
og mælti svo: „Takk fyrir matinn.“

Limran hefur fimm braglínur, þrjár langar (1., 2. og 5. línu), þær ríma saman, og tvær stuttar (3. og 4. línu) sem ríma hvor við aðra. Í löngu línunum eru tveir stuðlar. Nú eigið þið að æfa ykkur í limrugerð. Gott er að byrja á að búa til stakar línur, til dæmis lengri línurnar, og láta þær allar hafa sama rímorðið. Dæmi:

Úti var alltaf að snjóá;
Matthildur hljóp úr í móa;
eða

Mikið var gaman í gær;
Tóta með fallegar tær;

Kötturinn klóraði Jóa;
Þetta er hreint út í Hróa;

Lóa er makalaus mær;
Kötturinn er mér svo kær;

Grösin á túninu gróa;
Sigurður, Sædis og Lóa;

Rúnar á skekktunni rær;
Sigfinnur situr og hlær;

Ekki gleyma stuðlunum. Síðan þarf að búa til skammlínupör, þ.e. línur nr. 3 og 4, sem tengjast með stuðlum og rími. Stuðlasetning þar er svolítið vandasöm. Hún getur verið á fjóra vegu. Hér á eftir fara sýnishorn af því hvernig ljóðstafirnar mega standa í skammlínunum:

A
Stebbi er klár
en Kalli var sár.

B
Þau hrópa og klappa
og hoppa og stappa.

C
Hann Gulli er greindur
og gamall og reyndur.

D
Eldrauð í framan
syngja þau saman.

Þegar bekkurinn hefur hjálpast að við að gera a.m.k. 50 langlínur (best er að nota tvenns konar rím, þannig að 25 þær fyrstu rími saman og svo næstu 25) og 10 til 15 skammlínupör er hægt að byrja að velja saman línur í limru. Vegna þess hve línurnar eru margar fer ekki hjá því að einhverjar passi saman og þið eigið að geta fengið margar limrur úr línunum eftir tímann. Jafnvel þessar fáu línur hér að ofan geta orðið að ágætum limrum:

A
Grösin á túninu gróa
og Matthildur hljóp út í móa.
Þar hrópa og klappa
og hoppa og stappa
Sigurður, Sædis og Lóa.

B
Lóa er makalaus mær
og Sigfinnur situr og hlær.
Eldrauð í framan
nú syngja þau saman:
„Mikið var gaman í gær.“

Þið megið bæta inn tengiorðum
framan við línurnar; sbr. **og**
í 2. línu í báðum limrunum;
þau sem hefur breyst í **þar** í 3.
línu í A og **nú** sem hefur verið
bætt framan við 4. línu í B.

Dagur íslenskrar tungu



Til kennara – Nokkrir punktar um limrugerðarhópinnu

Veljið orð sem ríma, gott er að nota *Rímorðabókina*. (<http://www.islenska.org/rima/>). Finnið stærstu rímorðarunurnar, gætið að því að þar séu ekki dóna-leg orð. Þau geta truflað unga fólkið.

Notið til dæmis orðstofnana: **-akka, -ara, -etta, -ína, -óði, -æða, -á, -ein, -ið, -ól, ótt, -ær.**

Hver hópur fær sitt rímorð. Sýnið dæmi um limru-braglínur:

Gæsirnar flugu í **g**ær.
Ríkki var **r**auður í framan.

Gott er að feitletra stuðlana.

Svo þarf að útskýra gnýstuðlana, sem er reyndar mjög einfalt. Stafapörin **sk, sl, sm, sn, sp** og **st** stuðla bara við sjálf sig en ekki við önnur s. Þetta kallast gnýstuðlar. Það er enginn vandi að læra þetta.

Helgi á **sk**rautlega **sk**ó.
Stebbi á **st**éttinni gengur.
Slyngur er Gunnar að **sl**ást.

Það er svo öfugt með sérhljóðana. Þeir stuðla hver við annan.

Anna fór grátandi **i**nn.
Unnur fór hlæjandi **ú**t.
Binni var **ú**ti að **a**ka.

Ekki gengur að hafa sömu stuðla í tveimur braglínnum í limru hlið við hlið eins og hér er þó gert. Skoðum dæmi:

Stebbi er **k**aldur og **kl**ár.
Kalli var **kl**ökkur og sár.

Þetta má ekki. Á þetta verður alltaf litið sem of-stuðlun. Seinni línán hér gæti orðið fimmta lína. Ef skammlínurnar koma á milli þeirra er vandamálið leyst.

Erfiðast er að gera skammlínurnar. Þar eru tvær kveður, þ.e. tvö áhersluatkvæði og svo ríma þær saman. Stuðlasetning má vera á fjóra vegu:

A
Stebbi er **kl**ár
en **K**alli var sár.

B
Við **hr**ópum og **kl**öppum
og **h**oppum og **st**öppum.

C
Hann **G**ulli er **g**reindur
og **g**amall og reyndur.

D
Að koma hér saman
er **g**limrandi **g**aman.

Dagur íslenskrar tungu

Vísur – fyrripartar og botnar

Yngsta stig



2019

Það er gaman að búa til vísur. Íslendingar hafa verið duglegir við það í mörg hundruð ár. Margir skemmta sér við að botna vísu en þá býr einhver til byrjunina og annar lýkur við hana.

Hér eru tveir fyrripartar eftir Ragnar Inga Aðalsteinsson.
Botnaðu annan þeirra eða báða og láttu vísuna ríma.

Gangi þér vel og góða skemmtun!

Heim ég fer með létta lund,

leik mér eftir skóla.

Hund og kött ég sá í sveit,

svín og kýr og hesta.

Nafn: _____ Skóli: _____

Dagur íslenskrar tungu

Vísur – fyrripartar og botnar

Miðstig



2019

Kveðskaparlist er merkilegur þjóðararfur sem vert er að halda á lofti og æfa sig í. Margir skemmta sér við að botna vísu en þá býr einhver til byrjunina og annar lýkur við hana.

Hér eru tveir fyrripartar eftir Ragnar Inga Aðalsteinsson.
Botnaðu annan þeirra eða báða og hugaðu vel að rími og ljóðstöfum.
Gangi þér vel og góða skemmtun!

Kuldinn bítur, komum út,
klæðum okkur betur.

Hver sem á sér vildarvin
verður sjaldan leiður.

Nafn: _____ Skóli: _____

Dagur íslenskrar tungu

Vísur – fyrripartar og botnar

Unglingastig



2019

Kveðskaparlist er merkilegur þjóðararfur sem vert er að halda á lofti og æfa sig í. Margir skemmta sér við að botna vísu en þá býr einhver til byrjunina og annar lýkur við hana.

Hér eru tveir fyrripartar eftir Ragnar Inga Aðalsteinsson.

Botnaðu annan þeirra eða báða og hugaðu vel að rími og ljóðstöfum.

Gangi þér vel og góða skemmtun!

Nóttin lengist, nálgast haust,
nístir kaldur vindur.

Manna verk er mengun öll,
margt sem þarf að laga.

Nafn: _____ Skóli: _____

Dagur íslenskrar tungu

Vísur – fyrripartar og botnar

Yngsta stig



2018

Það er gaman að búa til vísur. Íslendingar hafa verið duglegir við það í mörg hundruð ár. Margir skemmta sér við að botna vísu en þá býr einhver til byrjunina og annar lýkur við hana.

Hér eru tveir fyrripartar eftir Ragnar Inga Aðalsteinsson.
Botnaðu annan þeirra eða báða og láttu vísuna ríma.

Gangi þér vel og góða skemmtun!

Komdu hingað, kisa mín,

kúrum hérna saman.

Margt er gott að glíma við,

gaman er að lita.

Nafn: _____ Skóli: _____

Dagur íslenskrar tungu

Vísur – fyrripartar og botnar

Miðstig



2018

Kveðskaparlist er merkilegur þjóðararfur sem vert er að halda á lofti og æfa sig í. Margir skemmta sér við að botna vísu en þá býr einhver til byrjunina og annar lýkur við hana.

Hér eru tveir fyrripartar eftir Ragnar Inga Aðalsteinsson.
Botnaðu annan þeirra eða báða og hugaðu vel að rími og ljóðstöfum.
Gangi þér vel og góða skemmtun!

Horfi ég á hundinn minn,
hann er góður vinur.

Óskalista enn á ný
ætla ég að gera.

Nafn: _____ Skóli: _____

Dagur íslenskrar tungu

Vísur – fyrripartar og botnar

Unglingastig



2018

Kveðskaparlist er merkilegur þjóðararfur sem vert er að halda á lofti og æfa sig í. Margir skemmta sér við að botna vísu en þá býr einhver til byrjunina og annar lýkur við hana.

Hér eru tveir fyrripartar eftir Ragnar Inga Aðalsteinsson.

Botnaðu annan þeirra eða báða og hugaðu vel að rími og ljóðstöfum.

Gangi þér vel og góða skemmtun!

Snemma ég á fætur fer
fletti mínum síma.

Meðan kvöldin líða löng
les ég mínar bækur.

Nafn: _____ Skóli: _____

Dagur íslenskrar tungu

Vísur – fyrripartar og botnar

Yngsta stig



2017

Það er gaman að búa til vísur. Íslendingar hafa verið duglegir við það í mörg hundruð ár. Margir skemmta sér við að botna vísu en þá býr einhver til byrjunina og annar lýkur við hana.

Hér eru tveir fyrripartar eftir Ragnar Inga Aðalsteinsson.
Botnaðu annan þeirra eða báða og láttu vísuna ríma.

Gangi þér vel og góða skemmtun!

Skrýtinn jólasvein ég sá

setja gott í skóinn.

Oft er gaman ef ég fer

út á róluvöllinn.

Nafn: _____ Skóli: _____

Dagur íslenskrar tungu

Vísur – fyrripartar og botnar

Miðstig



2017

Kveðskaparlist er merkilegur þjóðararfur sem vert er að halda á lofti og æfa sig í. Margir skemmta sér við að botna vísu en þá býr einhver til byrjunina og annar lýkur við hana.

Hér eru tveir fyrripartar eftir Ragnar Inga Aðalsteinsson.
Botnaðu annan þeirra eða báða og hugaðu vel að rími og ljóðstöfum.
Gangi þér vel og góða skemmtun!

Stöndum við með bros á brá
bráðum koma jólin.

Ég er skáld og skrifa nú
skólaljóð með penna.

Nafn: _____ Skóli: _____

Dagur íslenskrar tungu

Vísur – fyrripartar og botnar

Unglingastig



2017

Kveðskaparlist er merkilegur þjóðararfur sem vert er að halda á lofti og æfa sig í. Margir skemmta sér við að botna vísu en þá býr einhver til byrjunina og annar lýkur við hana.

Hér eru tveir fyrripartar eftir Ragnar Inga Aðalsteinsson.

Botnaðu annan þeirra eða báða og hugaðu vel að rími og ljóðstöfum.

Gangi þér vel og góða skemmtun!

Út um gluggann oft ég sé
ýmislegt sem gleður.

Allt er gott sem endar vel,
einkum þessi tími.

Nafn: _____ Skóli: _____

Dagur íslenskrar tungu

Vísur – fyrripartar og botnar

Yngsta stig



2016

Það er gaman að búa til vísur. Íslendingar hafa verið duglegir við það í mörg hundruð ár. Margir skemmta sér við að botna vísu en þá býr einhver til byrjunina og annar lýkur við hana.

Hér eru tveir fyrripartar eftir Ragnar Inga Aðalsteinsson.
Botnaðu annan þeirra eða báða og láttu vísuna ríma.

Mundu að vanda þig.

Frostið bítur kalda kinn,
kominn úlputími.

Góðar bækur gleðja mig,
gaman er að læra.

Nafn: _____ Skóli: _____

Dagur íslenskrar tungu

Vísur – fyrripartar og botnar

Miðstig



2016

Kveðskaparlist er merkilegur þjóðararfur sem vert er að halda á lofti og æfa sig í. Margir skemmta sér við að botna vísu en þá býr einhver til byrjunina og annar lýkur við hana.

Hér eru tveir fyrripartar eftir Ragnar Inga Aðalsteinsson.
Botnaðu annan þeirra eða báða og hugaðu vel að rími og ljóðstöfum.
Mundu að vanda frágang.

Mér finnst gott að hlæja hátt,
hafa fjör og gaman.

Pabbi, mamma, börn og bíll
bruna kát um veginn.

Nafn: _____ Skóli: _____

Dagur íslenskrar tungu

Vísur – fyrripartar og botnar

Unglingastig



2016

Kveðskaparlist er merkilegur þjóðararfur sem vert er að halda á lofti og æfa sig í. Margir skemmta sér við að botna vísu en þá býr einhver til byrjunina og annar lýkur við hana.

Hér eru tveir fyrripartar eftir Ragnar Inga Aðalsteinsson.
Botnaðu annan þeirra eða báða og hugaðu vel að rími og ljóðstöfum.
Mundu að vanda frágang.

Líður haustið, lengir nótt,
lauf af trjánum falla.

Förum nú í ferðalag,
finnum sólarglætu.

Nafn: _____ Skóli: _____

Dagur íslenskrar tungu

Vísur – fyrripartar og botnar

Yngsta stig



2015

Það er gaman að búa til vísur. Íslendingar hafa verið duglegir við það í mörg hundruð ár. Margir skemmta sér við að botna vísur en þá býr einhver til byrjunina og annar lýkur við hana.

Hér eru tveir fyrripartar. Semdu botn við annan þeirra eða báða og láttu vísuna ríma.

Helgi Zimsen er höfundur fyrripartanna.

Mundu að vanda þig.

Kisa veiddi væna mús,
vildi mér svo bjóða

Þegar frostið fer á stjá
fyllist allt af klaka.

Nafn: _____ Skóli: _____

Dagur íslenskrar tungu

Vísur – fyrripartar og botnar

Miðstig



2015

Það er gaman að búa til vísur. Íslendingar hafa verið duglegir við það í mörg hundruð ár. Margir skemmta sér við að botna vísur en þá býr einhver til byrjunina, fyrripartinn, og annar lýkur við hana, botnar.

Nú getur þú æft þig og botnað fyrripartana sem eru hér á síðunni. Þú þarft að huga vel að rími og ljóðstöfum.

Helgi Zimsen er höfundur fyrripartanna.

Mundu að vanda frágang.

Gaman er að glugga í bók,
gleyma sér við lestur.

Hérna læt ég línu á blað,
ljóðið er að fæðast.

Nafn: _____ Skóli: _____

Dagur íslenskrar tungu

Vísur – fyrripartar og botnar

Unglingastig



2015

Kveðskaparlist er merkilegur þjóðararfur sem vert er að halda á lofti og æfa sig í. Það hefur löngum þótt skemmtileg íþrótt að botna vísur og hér eru tveir fyrripartar sem þú getur glímt við.

Reyndu að semja botna á vísurnar. Þú þarft að huga vel að rími og ljóðstöfum. Ef þú ert ekki viss um hvaða bragreglur gilda getur þú skoðað bókina *Bragfræði fyrir unglingastig grunnskóla* eftir Ragnar Inga Aðalsteinsson.

Helgi Zimsen er höfundur fyrripartanna.

Mundu að vanda frágang.

Þegar mesta myrkrið er,
minnstu ljósinn greinast

Fáum leiðist frí um jól,
flestir til þess hlakka.

Nafn: _____ Skóli: _____

Dagur íslenskrar tungu

Vísur - fyrripartar og botnar

Yngsta stig



2014

Það er gaman að búa til vísur. Íslendingar hafa verið duglegir við það í mörg hundruð ár. Margir skemmta sér við að búa til botna á vísur en þá býr einhver til byrjunina og annar lýkur við hana.

Hér eru tveir fyrripartar. Semdu botn við annan þeirra eða báða og láttu vísuna ríma.

Helgi Zimsen er höfundur fyrripartanna.

Mundu að vanda þig.

Ljósín falleg lýsa brátt
líða fer að jólum.

Blaðið liggur borði á,
best er það að nota.

Nafn: _____ Skóli: _____

Dagur íslenskrar tungu

Vísur - fyrripartar og botnar

Miðstig



2014

Kveðskaparlist er merkilegur þjóðararfur sem vert er að halda á lofti og æfa sig í. Margir skemmta sér við að búa til botna á vísur en þá býr einhver til byrjunina og annar lýkur við hana.

Nú getur þú æft þig í þessari gömlu hefð og botnað fyrripartana sem eru hér á blaðinu. Þú þarft að huga vel að rími og ljóðstöfum.

Helgi Zimsen er höfundur fyrripartanna.

Mundu að vanda frágang.

Grýlukerti glitrar á,
glóir sólin bjarta.

Berist okkur bréf um lús
byrjar alla að klæja.

Nafn: _____ Skóli: _____

Dagur íslenskrar tungu

Vísur - fyrripartar og botnar

Unglingastig



2014

Kveðskaparlist er merkilegur þjóðararfur sem vert er að halda á lofti og æfa sig í. Það hefur löngum þótt skemmtileg íþrótt að botna vísur og hér eru tveir fyrripartar sem þú getur glímt við.

Reyndu að semja botna á vísurnar. Þú þarft að huga vel að rími og ljóðstöfum. Ef þú ert ekki viss um hvaða bragreglur gilda getur þú skoðað bókina *Bragfræði fyrir unglingastig grunnskóla* eftir Ragnar Inga Aðalsteinsson.

Helgi Zimsen er höfundur fyrripartanna.

Mundu að vanda frágang.

Eftir jólin aftur má
aðeins lengja daginn.

Berja, hrella, bíta, slá
bullukollar vilja.

Nafn: _____ Skóli: _____

Dagur íslenskrar tungu

Vísur - fyrripartar og botnar

Yngsta stig



2013

Það er gaman að búa til vísur. Íslendingar hafa verið duglegir við það í mörg hundruð ár. Margir skemmta sér við að botna vísur en þá býr einhver til fyrripartinn og annar lýkur við vísuna.

Hér eru tveir fyrripartar. Semdu botn við annan þeirra eða báða og láttu vísuna ríma.

Ragnar Ingi Aðalsteinsson er höfundur fyrripartanna.

Mundu að vanda þig.

Göngum saman glöð og hress,
gott er veðrið núna.

Sjáið hvernig sólin skín,
sendir geisla inn til mín.

Nafn: _____ Skóli: _____

Dagur íslenskrar tungu

Vísur - fyrripartar og botnar

Miðstig



2013

Kveðskaparlist er merkilegur þjóðararfur sem vert er að halda á lofti og æfa sig í. Margir skemmta sér við að botna vísur en þá býr einhver til fyrripartinn og annar lýkur við vísuna.

Nú getur þú æft þig í þessari gömlu hefð og botnað fyrripartana sem eru hér á blaðinu. Þú þarft að huga vel að rími og ljóðstöfum.

Ragnar Ingi Aðalsteinsson er höfundur fyrripartanna.

Mundu að vanda frágang.

Ligg ég hér og les í bók,
létt er mér í skapi.

Verði lundin frek og fúl
fer ég út að hlaupa.

Nafn: _____ Skóli: _____

Dagur íslenskrar tungu

Vísur - fyrripartar og botnar

Unglingastig



2013

Kveðskaparlist er merkilegur þjóðararfur sem vert er að halda á lofti og æfa sig í. Það hefur löngum þótt skemmtileg íþrótt að botna vísur og hér eru tveir fyrripartar sem þú getur glímt við.

Reyndu að botna vísurnar. Þú þarft að huga vel að rími og ljóðstöfum. Ef þú ert ekki viss um hvaða bragreglur gilda getur þú skoðað bókina *Bragfræði fyrir unglingastig grunnskóla* eftir Ragnar Inga Aðalsteinsson. Hann er einnig höfundur fyrripartanna.

Mundu að vanda frágang.

Létt er okkar lærdómsbraut,
líður brátt að jólum.

Hollur matur, hlaup og stökk
heilsu mína bæta.

Nafn: _____ Skóli: _____

Dagur íslenskrar tungu

Vísur – fyrripartar og botnar

Yngsta stig



2012

Það er gaman að búa til vísur. Íslendingar hafa verið duglegir við það í mörg hundruð ár. Margir skemmta sér við að búa til botna á vísur en þá býr einhver til byrjunina og annar lýkur við hana.

Hér eru tveir fyrripartar. Semdu botn við annan þeirra eða báða og láttu vísuna ríma.

Ragnar Ingi Aðalsteinsson er höfundur fyrripartanna.

Mundu að vanda þig.

Lítill hundur leikur sér,
lætur boltann skoppa.

Eftir skóla ætlum við
út að leika saman.

Nafn: _____ Skóli: _____

Dagur íslenskrar tungu

Vísur – fyrripartar og botnar

Miðstig



2012

Kveðskaparlist er merkilegur þjóðararfur sem vert er að halda á lofti og æfa sig í. Margir skemmta sér við að búa til botna á vísur en þá býr einhver til byrjunina og annar lýkur við hana.

Nú getur þú æft þig í þessari gömlu hefð og búið til botna á fyrripartana sem eru hér á blaðinu. Þú þarft að huga vel að rími og ljóðstöfum.

Ragnar Ingi Aðalsteinsson er höfundur fyrripartanna.

Mundu að vanda frágang.

Út um stræti oft ég fer
ef mér leiðist heima.

Kát og glöð hún fór á flakk,
fékk að borða, sagði takk.

Nafn: _____ Skóli: _____

Dagur íslenskrar tungu

Vísur – fyrripartar og botnar

Unglingastig



2012

Kveðskaparlist er merkilegur þjóðararfur sem vert er að halda á lofti og æfa sig í. Það hefur löngum þótt skemmtileg íþrótt að botna vísur og hér eru tveir fyrripartar sem þú getur glímt við.

Reyndu að semja botna á vísurnar. Þú þarft að huga vel að rími og ljóðstöfum. Ef þú ert ekki viss um hvaða bragreglur gilda getur þú skoðað bókina *Bragfræði fyrir unglingastig grunnskóla* eftir Ragnar Inga Aðalsteinsson. Hann er einnig höfundur fyrripartanna.

Mundu að vanda frágang.

Vígalegan vin ég á,
vísan lýsir honum.

Skemmtilegi skólinn minn,
skunda vil ég þangað inn.

Nafn: _____ Skóli: _____

Dagur íslenskrar tungu

Vísur – fyrripartar og botnar

Yngsta stig



2011

Það er gaman að búa til vísur. Íslendingar hafa verið duglegir við það í mörg hundruð ár. Margir skemmta sér við að búa til botna á vísur en þá býr einhver til byrjunina og annar lýkur við hana. Hér er einn fyrripartur á vísu og ein þula.

Reyndu að semja botn á vísuna eða halda áfram með þuluna. Þið getið hjálpast að í bekknum. Reyndu að láta vísuna/þuluna ríma. Ragnar Ingi Aðalsteinsson er höfundur fyrripartanna.

Mundu að vanda þig.

Kannast þú við köttinn minn?
Kátur löngum er hann.

Út vil ég hlaupa
ég ætla að kaupa
ber handa mér
og brauð handa þér
hnetur og lauk
og hindberjamauk
brátt verður gaman
þá borðum við saman ...

Dagur íslenskrar tungu

Vísur – fyrripartar og botnar

Miðstig



2011

Kveðskaparlist er merkilegur þjóðararfur sem vert er að halda á lofti og æfa sig í. Margir skemmta sér við að búa til botna á vísur en þá býr einhver til byrjunina og annar lýkur við hana.

Nú getur þú æft þig í þessari gömlu hefð og búið til botna á fyrripartana sem eru hér á blaðinu. Þú þarft að huga vel að rími og ljóðstöfum.

Ragnar Ingi Aðalsteinsson er höfundur fyrripartanna.

Mundu að vanda frágang.

Svalt er haustið, súld og rok
samt er kátt í skólunum.

Vinur minn á völinn fór,
varð þar mikið spark.

Dagur íslenskrar tungu

Vísur – fyrripartar og botnar

Unglingastig



2011

Kveðskaparlist er merkilegur þjóðararfur sem vert er að halda á lofti og æfa sig í. Það hefur löngum þótt skemmtileg íþrótt að botna vísur og hér eru tveir fyrripartar sem þú getur glímt við.

Reyndu að semja botna á vísurnar. Þú þarft að huga vel að rími og ljóðstöfum. Ef þú ert ekki viss um hvaða bragreglur gilda getur þú skoðað bókina Bragfræði fyrir unglingastig grunnskóla eftir Ragnar Inga Aðalsteinsson. Hann er einnig höfundur fyrripartanna.

Mundu að vanda frágang.

Skyldi þessi skólabók
skerpa hugsun okkar?

Oft er fjör í okkar hópi,
enda ræður gleðin þar.
